

Fundargerð 55. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu fimmtudaginn 10. apríl 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Sólrún Anna Jónsdóttir

Aðrir: Valgerður Rún Benediktsdóttir og Margrét Sæmundsdóttir frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og Björgvin Valdimarsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Á dagskrá fundarins var: Aukafjárveiting til verkefna sem tilbúin eru til framkvæmda

Tilfni fundarins var að ræða þörf fyrir auknar fjárveitingar sem til stendur að setja í framkvæmdir á ferðamannastöðum. Lögð er áhersla á framkvæmdir sem tilbúin eru til framkvæmda. Valgerður benti á að ríkisstjórnin vilji fá lista yfir verkefni sem tilbúin eru til framkvæmda til að bregðast við bráðavandamálum.

Albína fór yfir forsendur sjóðsins og rætt var um samvinnu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, Framkvæmdasjóðs ferðamanna, umhverfisráðuneytis og Ferðamálastofu um framkvæmd aukafjárveitingar.

Rætt var um mikilvægi þess að vera með vel unninn og tæmandi lista með hugmyndum að upphæðum.

Stjórnin lagði fram drög að lista yfir vænlega staði með hliðsjón af gögnum frá úthlutunarferli sem nú er að ljúka en einnig eru þar tillögur sem Guðjón aflaði með því að hafa samband við nokkur sveitarfélög daginn áður.

Í starfsreglum stjórnar sjóðsins er að jafnaði gert ráð fyrir 50% mótframlagi framkvæmdaaðila. Í máli Valgerðar kom fram að í þessari aukafjárveitingu verður ekki gert ráð fyrir neinu mótframlagi heldur komi öll upphæðin til greiðslu úr ríkissjóði. Ef krafa um mótframlag yrði lækkuð eða afnumin myndi það breyta töluverðu fyrir minni sveitarfélög, útivistarsamtök og einkaaðila, en margir þeirra hafa ekki mikla burði til að leggja til framlag á móti og sækja af þeirri ástæðu jafnvel ekki um styrk úr sjóðnum.

Albína sagði frá því að í fyrstu úthlutun sjóðsins hefði oft vantað upp á að skipulag og hönnun lægju fyrir en það hefur lagast á síðastliðnum 2 árum og hafa gæði umsókna einnig batnað.

Einnig kom fram að stuðningi við umsækjendur, eftirfylgni og eftirliti væri ábótavant en komið hefur verið til móts við það með stuttum námskeiðum fyrir umsækjendur.

Stærstu umsóknaraðilar eru sveitarfélög, Umhverfisstofnun og þjóðgarðarnir sem hafa umsjón með helstu ferðamannasvæðum.

Valgerður spyr hvernig er hægt að ná til einkaaðilana. Albína svarar því til að um fjórar leiðir sé að ræða: Úthlutun að frumkvæði stjórnar sjóðsins, viðbótarúthlutun til samþykkrtra styrkþega í umsóknarferli FF6 – 2014, viðbótarúthlutun til annarra umsækjenda í umsóknarferli FF6 – 2014

og að auglýsa yrði eftir umsóknum. Bent er á að auglýsingaleiðin er tímafrek. Rætt er um hvort skynsamlegt sé að skipta fjármununum og fara fleiri leiðir en eina.

Nokkur verkefni voru rædd stuttlega. Urriðafoss þar sem vantar upp á mótframlagið í umsókn. Goðafoss og Látrabjarg eru dæmi um verkefni sem mætti byrja á strax en huga þarf að aðkomu aðila eins og Vegagerðarinnar sem er að líkindum best fallin til að sjá um vegaframkvæmdir og bílastæði. Niðurstæða lögbanns um Geysismálið er væntanlegt í vikunni og mögulega mætti þá draga landeigendur og aðra inn í málið. Landeigendur Reykjahlíðar voru nefndir af sama tilefni. Valgerður lagði til að skilgreint yrði hvernig verkefni ætti að styrkja og með hvaða hætti. Ríki og sveitarfélög mætti styrkja með beinum úthlutunum en einkaaðila í gegnum umsóknarferli. Gæta þarf jafnræðis umsækjenda. Rætt var um hvort þjóðgarðar og Umhverfisstofnun eigi að fá sína fjármuni beint á fjárlögum en ekki í gegnum sjóðinn. Tillaga kom um að úthlutun fjármuna komi beint úr ríkissjóði í verkefni en Framkvæmdasjóðnum eða Ferðamálastofu yrði falið að halda utan um ferlið.

Umræða var um möguleika þess að styrkja verkefni til lengri tíma en eins árs í senn. Einnig var rætt um að auka upplýsingaflæði milli Framkvæmdasjóðsins og Umhverfisstofnunar.

Næsti fundur verður boðaður Þriðjudaginn 15. apríl kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 09:30

Fundargerð ritaði Sólrún Anna Jónsdóttir